

57. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 27. maí 2020, kl. 13:00 í netfundi.

**Mættir:** Edward Huijbens formaður, Dórópea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Rósa Jónsdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

## Dagskrá

### 1. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu vorannar. Þann 23. maí útskrifuðust 32 nemendur, 12 af félags- og hugvísindabraut, 7 af íþróttabraut - íþróttasviði, 3 af listabraut, 5 af kjörnámsbraut, 3 af náttúruvísindabraut, 1 lauk stúdentsprófi að loknu starfsnámi og 1 útskrifaðist af starfsbraut. Alls hafa þá 322 verið útskrifaðir frá skólanum frá upphafi. Á vorönn skilaði skólinn 173 ársnemendum og starfsbraut skilaði um 5 ársnemum. Ársnemendafjöldi skólaársins 2019-2020 er því 169. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 7,1 sem er um 0,5 hærra en síðustu annir. Fall í áföngum var að meðaltali 11% sem er umtalsvert lægra en undanfarnar annir og brottfall er lítið eða 2%. Hópanýting var 78%.

### 2. Innritun

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir stöðu innritunar. Um 100 nýir nemendur hafa verið innritaðir nú þegar og margar umsóknir bíða afgreiðslu. Skólameistari sagði að hópum hefði verið bætt við þar sem hópar hafa fyllst í grunngreinum.

### 3. Gjaldskrár

Gjaldskrár skólans lagðar fram og leggur skólameistari til að þær verði óbreyttar. Staðfest af skólanefnd.

### 4. Ársskýrsla 2019

Ársskýrsla 2019 lögð fram til kynningar. Í henni er farið yfir starfsemi ársins og árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021.

### 5. Haustfundur dagsettur

Stefnt er að næsta skólanefndarfundi þann 16. september kl. 13:00.

### 6. Önnur mál

#### 6.1 Mannaráðningar

Lára gerði grein fyrir breytingum á mannráðningum.

#### 6.2 Jafnlaunavottun

Skólameistari gerði grein fyrir vinnu við jafnlaunavottun og forúttekt vottunaraðlia. Vottun mun fara fram í byrjun ágúst.

### 6.3 Covid 19, viðbrögð og hvernig gekk

Skólameistari sagði að skólinn hefði verið vel undirbúinn fyrir lokun skóla í mars. Farið var vel yfir viðbragðsáætlun sem unnin hafði verið og þegar kom að lokun gekk allt eins og í sögu og samkvæmt áætlun. Öllum nemendum var boðin aðstoð náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings og settu þau upp kvíðanámskeið fyrir nemendur á netinu.

### 6.4 Ósk um fjölgun nemenda til ráðuneytis

Skólameistari upplýsti að send hefði verið ósk um fjölgun nemenda til ráðuneytis. Svar hefur ekki borist enn en það er væntanlegt. Rök fyrir umsókninni eru eftirfarandi:

- \* Viljum auka rekstrarhæfni erum nú með töluverða yfirvinnu og vantar kennara til að kenna grunngreinar til að fjölga nemendum í efri áföngum sérstaklega í raungreinum. Nú eru of mörg hlutastörf í ákveðnum greinum.
- \* Við höfum verið reglusöm í rekstri og sýnt aðgætni en stærð skólans takmarkar rekstrarhagkvæmni.
- \* Ásóknin er mikil þrátt fyrir að við höfum ekki auglýst fjarnámið í mörg ár.
- \* Kennslan í fjarnámi kostar það sama og kennsla í staðnámi þannig að námið er hagkvæmt í rekstri.
- \* Við höfum verið að þróa á markvissan hátt námsþjónustu fyrir fjarnema. Bæði náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Þannig koma nemendur til okkar sem eiga erfitt með að mæta í staðbundið nám til dæmis vegna kvíða og þunglyndis.
- \* Nemendur sem eiga við veikindi að stríða sem leggjast misþungt á þá hefur gengið vel hjá okkur.
- \* Við höfum verið að þróa nám fyrir unga nemendur sem fara til íþróttaiðkunar erlendis í atvinnumennsku og stefna á að koma aftur heim.
- \* Brotthvarf í fjarnámi hjá okkur hefur verið 6-8% sem er mjög lágt hlutfall og því nýtast fjármunir vel til að framleiða einingar.
- \* Þróun fjarvinnu og fjarsamstarfs hefur staðið í þónokkurn tíma og má nefna að auðvelt var fyrir starfsmenn og staðnemendur að breyta um starfshætti í samkomubanni vegna covid-19.
- \* Nemendur okkar bæði stað- og fjar vinna saman og læra þar með fjarvinnu og fjarsamstarf, ekki einungis tæknilega heldur aðferðafræðilega sem þeir geta síðan beitt síðar til dæmis til að skapa sér atvinnu óháð búsetu.
- \* Tækifæri til að fjölga háskólamenntuðum störfum á landsbyggðinni.

\* Einstaklega öflugt starfslið sem hefur mikla hæfni í fjar- og staðvinnu.

#### *6.5 Saga skólans og fleira*

Skólameistari upplýsti að Óskar Þór Halldórsson hefði tekið að sér að taka saman sögu skólans af tilefni 10 ára afmælis. Sagan verður birt á vef skólans. Einnig bent á vorsýningu skólans sem nú var á netinu og mjög vel heppnuð.

Skólameistari sagði frá að skólinn hafi enn og aftur hlotið Erasmus-styrk til endurmenntunar kennara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.